

Reykholtskirkja

Fornleifarannsókn 2002



Guðrún Sveinbjarnardóttir og Orri Vésteinsson

með viðaukum eftir

Guðrínu Harðardóttur, Hildi Gestsdóttur og Timothy Horsley

**Þjóðminjasafn Íslands
Fornleifastofnun Íslands
FS197-02231
Reykjavík 2003**

© Fornleifastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands 2003

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Um uppgröftinn, aðferðir	7
3. Niðurstöður uppgrافتar	9
4. Gripir	15
5. Niðurstöður – frekari rannsóknir	18
6. Fundaskrá	19
Viðauki 1. Gerðir horfinna Reykholtskirkna e. Guðrúnu Harðardóttur	21
Viðauki 2. Geophysical surveys at Stafholt, Borgarfjörður, 8-9 th July 2002. Preliminary Results e. Timothy Horsley	36
Viðauki 3. Rannsókn á mannabeinum úr kirkjugarðinum e. Hildi Gestsdóttur	41

1. Inngangur

Kirkja sú sem nú stendur í kirkjugarðinum í Reykholti og verið er að færa í sitt upprunalega horf var byggð á árunum 1886-87. Fram að þeim tíma stóð kirkjan aðeins sunnar í garðinum, en fram að þessu hefur vel séð móta fyrir grunni hennar á yfirborði. Tvívegis hefur verið farið með fjarkönnunartæki yfir kirkjugrunninn og nánasta umhverfi hans, fyrst árið 1993¹ og svo aftur árið 2001², þá til undirbúnings fyrir þær rannsóknir sem þessi framvinduskýrsla fjallar um. Báðar kannanir leiddu í ljós útlínur ferhyndra bygginga á staðnum þar sem kirkjan stóð. Í fyrri könnuninni voru útlínurnar túlkaðar sem tvö byggingarskeið þar sem það eldra var af mun stærri byggingu. Í þeirri seinni var talið að útlínurnar sýndu ytri og innri hleðslubrúnir einnar byggingar. Seinni könnunin leiddi einnig í ljós merki um fleiri minjar í kirkjugarðinum, þar með talið hugsanleg mörk gamla kirkjugarðsins, en ekkert sem gæti verið önnur kirkjubygging.

Kirkju er fyrst getið í Reykholti í máldaga sem er frá árinu 1185 eða fyrr³. Líklega hefur kirkja þó verið reist í Reykholti mun fyrr.

Reykholt er ekki landnámsjörð ef marka má ritheimildir og er bærinn talinn hafa verið byggður í landi Breiðabólstaðar, landnámsbæjarins sem stendur aðeins austar, og mun fljótlega hafa tekið við forystuhlutverki í héraðinu. Samkvæmt fyrrgreindum máldaga tilheyrði Breiðabólstaður Reykholti þegar á 12. öld. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær búseta hófst í Reykholti. Elstu minjar sem fundist hafa við fornleifarannsóknirnar á bæjarstaðinu eru annars vegar tréútskurður sem hefur verið tímasettur stílfraðilega til 10. eða 11. aldar⁴, hins vegar kolað bygg, tímasett á bilið frá 10. til 12. aldar⁵. Sú tilgáta hefur komið fram að hverahitinn í Reykholti gæti hafa valdið nokkru um það að kirkja var reist þar frekar en á Breiðabólstað. Vinsælt var að ganga til baða á mannamótum. Staðsetning kirkju við slíkan stað mundi því tryggja

¹ *Kirkjugarðurinn í Reykholti*. Jarðsjármælingar. Línuhönnun hf, júní 1995. Skýrsla unnin fyrir Reykholtstað / Geir Waage sóknarprest.

² T.J. Horsley 2002. *Geophysical surveys at Reykholt, Borgarfjörður, summer 2001*. Viðauki 1 í Guðrún Sveinbjarnardóttir 2002. Reykholt í Borgarfirði. Framvinduskýrsla 2001. Rannsóknarskýrslur 2001, 7. Þjóðminjasafn Íslands útiminjasvið.

³ Íslenskt fornbréfasafn 1, bls. 279-280.

⁴ Guðrún Sveinbjarnardóttir 2001. Reykholt í Borgarfirði. Framvinduskýrsla 2000. Rannsóknarskýrslur 2000, 4. Þjóðminjasafn Íslands útiminjasvið, bls. 20.

⁵ R.E.M. Hedges et al. 1993. Radiocarbon dates from Oxford AMS system: Archaeology datelist 17. *Archaeometry* 35, 2 (1993), bls. 317.

góða kirkjusókn⁶. Þetta gæti verið skýringin á tilkomu Reykhólts svo nálægt öðrum bæ. Ein af spurningunum sem leitast verður við að svara með rannsókn kirkjutóftarinnar og tengslum hennar við bæjarstæðið er hvort kom á undan, kirkjan eða bærinn.

Allmikið er til af ritheimildum sem viðkoma kirkjunni í Reykholti og hefur þeim lýsingum sem gefa vísbendingar um gerðir hennar á mismunandi tímum verið safnað saman í skýrslu (fylgiskjal 2). Elsta eignaskrá sem gefur einhverja slíka vísbendingu er frá 1358. Fjöldi altarisklæða sem þar er nefndur þykir benda til þess að í kirkjunni hafi verið fleira en eitt altari. Í eignaskráum frá 1392 og 1394 er talað um glerglugga í kirkjunni. Það er hins vegar fyrst í úttektunum sem nákvæmari lýsingar er að finna. Sú elsta sem varðveist hefur er frá 1664.

Aðdragandi rannsókna kirkjugrunnsins. Fornleifarannsóknum þeim sem Þjóðminjasafn Íslands hefur staðið fyrir á bæjarstæðinu í Reykholti óslitið frá árinu 1998 er nú brátt að ljúka. Í rannsóknaráætlun sem gerð var árið 1997⁷ var gert ráð fyrir að kirkjustæði og kirkjugarður yrðu einnig rannsökuð sem sérstakur verkþáttur í heildarrannsókninni, enda hafa þau verið mikilvægur partur af búsetu á staðnum allt frá upphafi. Eins og fyrr segir er mögulegt að kirkja hafi risið í Reykholti á undan bænum, en þetta atriði er enn óútkljáð.

Upp úr fornleifarannsóknunum spratt hugmynd að alþjóðlegu og þverfaglegu rannsóknarverkefni sem hefði Snorra Sturluson og tímabil hans sem kjarna, en Snorri kom líklega í Reykholti árið 1206 og bjó þar af og til allt til 1241. Hugmyndin var að í verkefninu yrðu sameinaðar rannsóknir á sviði hugvísinda, félagsvísinda og raunvísinda. Haldinn var vinnufundur um þessar hugmyndir árið 1999⁸ en í honum tóku þátt bæði innlendir og erlendir fræðimenn á ýmsum sviðum. Upp úr þessum fundi var Reykhóltsverkefninu svonefnda hleypt af stokkunum. Einn þáttur þessa verkefnis er rannsókn Reykhólts sem kirkjumiðstöðvar. Reykholt var einn hinna helstu *staða* Íslands í kirkjulegri merkingu þess orðs. Áformað er að kanna hver var tilgangurinn með hinum elstu og stærstu *stöðum*. Stafholt, sem Snorri hafði einnig

⁶ Orri Vésteinsson 1996. *Meningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar. Svæðisskráning*, Reykjavík, bls. 27.

⁷ Guðrún Sveinbjarnardóttir 1997. *Fornleifarannsókn í Reykholti í Borgarfirði*. Rannsóknaráætlun. Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík.

⁸ Guðrún Sveinbjarnardóttir 2000 (ed). *Reykholt in Borgarfjörður*. An interdisciplinary research project. Workshop held 20-21 August 1999. National Museum of Iceland Research Reports 2000.

yfirráð yfir og var mikilvægur *staður*, býður upp á samanburðarefni, og að auki verður samanburðar leitað í svipuðum stofnunum erlendis. Þetta efni verður rætt á vinnufundi í Reykholti 3. október 2002 með þátttöku innlendra og erlendra fræðimanna.

Rannsókn kirkjugrunnsins í Reykholti er mikilvæg í þessu samhengi. Hann er einn af örfáum kirkjugrunnum höfuðkirkju sem eru aðgengilegir til rannsóknar, en engin slík kirkja hefur verið rannsökuð á Íslandi. Kirkjan í Reykholti var sóknarkirkja, en þær urðu miðstöðvar hver í sinni sveit á 12. öld og þjónuðu því mikilvægu hlutverki. Með rannsókninni er stefnt að því að bæta við þekkingu um það hvernig sóknarkirkjur litu út og þróuðust, miðað við aðrar tegundir kirkna á fyrri öldum. Þá er áhugavert að kanna hugsanleg áhrif í byggingarstíl, bæði innlend og erlend.

Í anda Reykholtsverkefnisins var ákveðið að stofna til þverfaglegar og alþjóðlegrar samvinnu um rannsókn kirkjunnar. Til samstarfs voru fengin þau dr Orri Vésteinsson við Fornleifastofnun Íslands, sem hefur rannsakað kirkjumínjar víða um land og sérhæft sig í kirkjusögu, Alf Tore Hommedal við NIKU í Björgvin, en hann er sérfræðingur í kirkjufornleifafræði, Guðrún Harðardóttir, sagnfræðingur á Þjóðmínjasafni, sem hefur reynslu af því að lesa úr úttektum og öðrum ritheimildum hvernig hús hafa litið út, og arkitektarnir Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon sem hafa reynslu af því að setja fram í teikningum hvernig hús hafa litið út, byggt á ritheimildum og fornleifafræðilegum upplýsingum. Stefnt er að því að útbúa upplýsingarnar sem safnast um kirkjuna þannig að unnt sé að setja þær fram í þrívíðu formi. Sótt var um styrk í Kristnihátíðarsjóð til forrannsóknar í Reykholti og Stafholti sumarið 2002, styrkur fékkst og í þessari farmvinduskýrslu er gerð grein fyrir árangri þeirrar vinnu. Rannsókn á kirkjugrunni í Reykholti 2002 var samstarfsverkefni Þjóðmínjasafns og Fornleifastofnunar og liður í víðtækara samstarfi stofnanna um fornleifarannsóknir.

Rannsókn 2002. Rannsóknin fór fram vikuna 8. til 12. júlí. Að henni unnu fornleifafræðingarnir Angelos Parigoris, Berangere Martin, Guðrún Sveinbjarnardóttir, Orri Vésteinsson og Oscar Aldred, og nemarnir Anthony M. Joyce, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Guðmundur J. Óskarsson. Einnig Timothy J. Horsley, en hann framkvæmdi jarðsjármælingar í Stafholti og víðar og fylgdist með uppgreftinum með tilliti til jarðsjármælinga síðasta árs. Hildur Gestsdóttir, fornleifafræðingur og sérfræðingur í mannabeinum, heimsótti uppgröftinn til þess að


skoða gröf sem grafin var upp í suðausturhorni gamla kirkjugarðsins. Fjallað verður um uppgröft hennar í framvinduskýrslu um Reykholtssrannsóknir 2002. Hildur hefur skrifað sérstaka skýrslu um rannsókn beinanna í gröfinni sem hér er látin fylgja með (fylgiskjal 3). Guðrún Harðardóttir, sagnfræðingur á Þjóðminjasafni, hafði nokkru fyrir uppgröft skilað greinargerðinni *Gerðir horfinna Reykholtskirkna*, þar sem teknar eru saman lýsingar á Reykholtskirkjum í ritheimildum (fylgiskjal 2).

2. Um uppgröftinn

Í kirkjugarðinum í Reykholti sést aflöng tóft með heldur mjóum veggjum. Hún er u.þ.b. 14 m á lengd og 6 m á breidd og snýr austur-vestur. Tóftin er um 13 m sunnan við núverandi kirkju sem reist var 1886-87. Þessi tóft er talin vera leifar af forvera núverandi kirkju, Reykholtskirkju sem reist var 1835. Vitað er að þegar sú kirkja var tekin niður var hin nýja ekki byggð á sama stað heldur við norðurmörk kirkjugarðsins eins og hann var þá. Hugsanlegt er að tóftin sé að hluta eða öllu leyti gerð þegar garðurinn var sléttaður um miðja 20. öld. Viðnáms- og segulmælingar þær sem Timothy Horsley gerði árið 2001 sýndu að á sama stað og tóftin er reglulegt frávik, sem bendir til að undir sé breiðari húsgrunnur, án efa kirkjugrunnur. Sömu mælingar sýndu ýmis önnur frávik í garðinum en ekkert sem túlka má sem annan kirkjugrunn.

Það var því talið næstum óyggjandi þegar uppgröftur hófst árið 2001 að leifar eldri Reykholtskirkna væri að finna undir tóftinni sem sést á yfirborði. Eitt af því sem mælir með þessum stað til uppgrafter er að lítið virðist hafa verið greftrað í kirkjugrunninn. Að vísu eru þrjár grafir í vesturenda kirkjunnar, þar á meðal allstórt stakket um leiði Guðmundar Helgasonar í norðvesturhorninu. Inni í tóftinni sjálfri er aðeins eitt leiði, gröf Þórðar Sigurðssonar (d. 1920) og er legsteinn hans sunnantil fyrir miðju.

Ákveðið var að opna skurð yfir suðausturhorni kirkjunnar og miða við norðausturhornið á legsteini Þórðar. Frá því voru dregnar línur til suðurs og austurs út fyrir tóftarvegginn og þannig skilgreint uppgraftarsvæði sem var um 8 m langt frá austri til vesturs og um 5 m breitt frá norðri til suðurs. Uppgraftarsvæði þetta, sem auðkennt er sem XII til aðgreiningar frá öðrum uppgraftarsvæðum í Reykholti, var tengt við aðaluppgraftarsvæðið með skurði, auðkenndur sem XIII sem lá til suðurs úr suðvesturhorni XII.



Mynd 1. Afstöðumynd af rannsóknarsvæði 2002. Oscar Aldred 2002.


Notað var sama hnitakerfi og við uppgröftinn á bæjarstæðinu. Uppgröfturinn hófst á því að lítil skurðgrafa fjarlægði torf ofan af uppgriftarsvæðinu. Grafan var einnig látin taka upp úr meintri gröf Þórðar Sigurðssonar, þ.e. undir þeim stað sem legsteinn hans var á, niður á rúmlega 1 m dýpi. Grafan fór einnig dýpra á sumum stöðum, einkum við suðausturhorn kirkjunnar og rauf þar samhengi milli grafa og torfleifa.

Að öðru leyti var notað s.k. *single context planning* uppgriftaraðferð, hver eining skilgreind, teiknuð sérstaklega á plastpappír og fyllt út um hana staðlað eyðublað Fornleifastofnunar. Haldnar voru sérstakar skrár yfir einingar, teikningar, gripi og sýni. Teiknuð voru snið þar sem ástæða þótti til.

Þar sem um forkönnun var að ræða og fyrirsjáanlegt að rannsóknum á kirkjutóftinni verður haldið áfram voru veggheðslur ekki fjarlægðar og grafir ekki opnaðar eða bein tekin upp.

3. Niðurstöður uppgrافتar

Við uppgröftinn komu í ljós undirstöður byggingar, án efa kirkju (byggingarstig **A1-4**). A.m.k. fimm grafir við austurenda hennar og ein í suðvesturhorni uppgrافتarsvæðis virðast vera yngri en hún. Það var þó ekki skýrt við austurendann þar sem jarðlagasamhengi hafði verið spilt áður en uppgröftur hófst. Í suðvesturhorni sést hinsvegar greinilega að gröf 2033 sker torfvegg 2013 sem tilheyrir byggingarstigi **A** og er hún því yngri en það.



Mynd 2. Uppgrافتarsvæði 2002. Oscar Aldred.

Byggingarstig **A** samanstendur af 4 aðgreindum byggingahlutum. **A1** (2014) er samfelld röð af allstórum steinum sem myndar suðurvegg (um 6 m) og austurvegg (um 3,5 m) kirkjunnar. Steinarnir snúa sléttum hliðum til norðurs og vesturs, þ.e. inn í kirkjuna. Í vestursniði sást að torfveggur 2013 lá ofan á þessari steinaröð en torfveggurinn hafði annarsstaðar verið skafinn burtu af gröfu áður en eiginlegur uppgröftur hófst. Af þessu samhengi má ætla að steinaröðin **A1** sé fótur undir torfvegg sem var utan um kirkjuna. Það er þó ekki fullvíst og er ekki útilokað að **A1** sé eldri undirstaða sem yngri torfveggur hefur síðan verið lagður ofaná.

Torfveggurinn **A4** sást hvergi skýrt nema í suðvesturhorni uppgraftarsvæðis. Austan við **A1** hefur annaðhvort ekki verið neinn torfveggur – og fellur þá túlkunin á **A1** sem torfveggjarfót – eða að hann hefur verið eyðilagður alveg af yngri gröfum. Veggurinn var líka skertur að sunnanverðu en fullyrða má að ekki hefur verið steinfótur undir honum að utanverðu. Samkvæmt úttektum á ekki að hafa verið torfveggur fyrir austurgafli kirkjunnar sem byggð var 1835

A2 er önnur steinaröð í austurhlið kirkjunnar, um 50 sm innan við **A1**. Þessir steinar snúa líka sléttum hliðum inn í kirkjuna. Moldin sem þeir sitja í liggur upp að steinum í **A1** en undir henni sást í lag af óreglulega lögðum smásteinum sem virðast vera yfirborð sem tilheyrir þeim tíma sem **A1** var upphaflega hlaðinn. Með öðrum orðum er **A2** greinilega yngri en **A1** og hugsanlega munar þar töluverðu.

A3 sýndist á yfirborði vera samfelld steinaröð fast innan við **A1** í suðurvegg kirkjunnar. Þegar betur var að gáð voru sumir steinarnir þó hrundir og sátu á skakk og skjön í mold sem myndar fyllinguna innan í kirkjunni. Aðrir voru hinsvegar greinilega stoðarsteinar og eru þeir með rúmlega 1 m millibili fast upp við steinaröðina **A1** að innanverðu. Á um 2 m bili voru viðarleifar ofan á þessari innri steinaröð, sennilega leifar af fótstokk síðustu kirkjunnar á þessum stað. Stoðarsteinarnir í **A3** voru ofan á öðrum steinum, og voru þeir neðri stærri að ummáli en þeir efri. Mögulegt er því að **A3** standi fyrir fleiri en eina kynslóð kirkna á þessum grunni.

Ekki sáust skýr merki um samhengið milli **A2** og **A3** en hvortveggja steinaröðin er yngri en **A1**, en allir geta þessir byggingahlutar þó tilheyrt sömu kirkjunni og verið ummerki um viðgerðir eða endurbyggingar á henni.


Í norðvesturhorni hafði grafan grafið niður í meinta gröf frá 1920. Sú gröf reyndist hinsvegar ekki vera á þeim stað – og varð ekki vart við hana innan uppgraftarsvæðisins. Hinsvegar var þar komið niður í fyllingu á gröf sem reyndist vera frá 1783 en á kistulokinu er skjöldur með þessari áletrun:

*Profastur Ø Thorleifur
Biarnason
fæddur 1718
Deide 1783
Embætted
35 Ar*



Mynd 3. Skjöldur á kistu Þorleifs Bjarnasonar prófasts.

Af úttektum að dæma var forveri kirkjunnar frá 1835 byggð 1778 og hefur þessi gröf (gröf 2) því verið grafin eftir að sú kirkja kom til sögunnar. Ekki varð séð í gryfjunni hvort gröf Þorleifs prófasts hefur verið tekin inni í kirkjunni sem þá var, en af almennum líkum má telja sennilegt að svo hafi verið. Önnur gröf, heldur yngri, var fast upp við gröf Þorleifs að sunnaverðu (gröf 3) og hafði skemmt kistu hans líttillega. Timbrið í báðum kistum er ágætlega varðveitt og í yngri gröfinni sást í hauskúpu sem virtist í mjög góðu ásigkomulagi. Varðveisla beina og lífrænna leifa virðist því vera mjög góð inni í sjálfum kirkjugarðinum. Þó ekki væri í þessu horni opnað stærra svæði en sem svarar einni grafarstærð þá var þar komið niður á þrjár grafir, allar með kistuleifum. Þriðja gröfin (gröf 4) er elst og hefur skemmst þegar gröf Þorleifs var tekin. Fylling hennar sást greinilega í norðursniði gryfjunnar og var undir torfleifum sem lágu á lagi af steinvölum eða möl. Hún er greinilega sýnu eldri en hinar tvær og gæti tilheyrt mun eldra stigi kirkjunnar. Þessar torfleifar (2022) voru um 30 sm þykkar og gætu vel verið leifar af vegg þó ekki verði það fullyrt út frá því sem í gryfjunni sást. Lítil móöskusletta (2023) var í sambandi við þetta torf, eldri en það að því er virðist, og gæti hún styrkt að um hús sé að ræða. Þessar torfleifar voru elstu hugsanlegu byggingaleifarnar sem sáust við uppgröftinn 2002 og sé um byggingu að ræða þá gæti hún verið sundurskorin af gröfum.



Mynd 4. Vestursnið uppgraftarsvæðis. Oscar Aldred.

Þessar torfleifar mætti kalla byggingarstig **D** því að greinileg merki sáust í gryfjunni og vestursniði um sérstakt byggingarstig sem er eldra en **A** en yngra en þessar torfleifar og er því nefnt **B**. Það samanstendur annarsvegar af grjótlög (2017) og torfleifum (2016) undir torfvegg **A4** og er hugsanlegt að innbrún þess veggjar sé heldur sunnar en innbrún veggjar byggingarstigs **A**. Hinsvegar virðist mega túlka steina (2021) sem lágu í fleti sitthvorumegin við gröf 2 sem yfirborð þessa byggingarstigs. Ekki voru þó stratigrafísk tengsl milli þessara steina og veggjarins að öðru leyti en því að hvorttveggja er undir og þar með eldra en byggingahlutarnir **A3**, **A1** og **A4**. Þar sem grafa hafði grafið niður í fyllingu grafar 2 var ekki hægt að skera úr með vissu hvort sú gröf var tekin áður en yfirborðið í **B** myndaðist eða hvort hún var tekin í gegnum það. Með öðrum orðum er ekki fulljóst hvort **B** er leifar kirkjunnar sem byggð var 1778 eða forvera hennar.


Undir torfvegg **B** (2016) voru leifar af tréstocki (2032), tæplega 2 m löngum, sem hafði í aðalatriðum sömu stefnu og aðrar byggingaleifar, þ.e. austur-vestur og í sambandi við hann norðan við yfirborð eða gólf (2031). Ekki verður að svo komnu máli sagt annað um þessar leifar en að þær tilheyra eldra byggingarstigi en **B** og sé um kirkju að ræða hefur hún staðið a.m.k. heilum metra sunnar en þær yngri, eða verið þeim mun breiðari. Yfirborðslagið 2031 – sem hefur öll einkenni gólfs – er sýnu hærra en torfleifarnar 2022 og er því ólíklegt að þessar leifar tilheyri sama byggingarstigi. Yfirborðslagið er því yngra en **D** og eldra en **B** – og er því nefnt hér **C**.

Upp að suðurveggnum í **A**, þvert á hann að sunnan, liggja tvær steinaraðir með um 70 sm millibili og á milli þeirra lög (2034, 2035, 2037) sem greinilega eru annars

eðlis en lögin utan við þær. Uppgrefti á þessu mannvirki var ekki lokið og voru stratigrafísk tengsl þess við hin byggingarstigun ekki könnuð en ljóst virðist í það minnsta að það er eldra en byggingarstig **A**. Hugsanlegt er að það sé hluti af byggingarstigum **B** eða **C** eða jafnvel eldri en þau bæði. Þó heldur stutt sé á milli steinaraðanna snúa þær sléttum hliðum hvor að annari og er af því mögulegt að um sé að ræða undirgöng milli bæjar og kirkju. Ekkert sem styður þá tilgátu sást þó inni í kirkjunni sjálfri.

Samantekt. Við uppgröftinn 2002 komu í ljós fjögur aðgreind byggingarstig auk eldri og yngri grafa og mannvirkis (hugsanlegra undirganga) sem ekki var hægt að tengja við ákveðið byggingarstig. Yngsta byggingarstigið **A** er greinilega leifar kirkjunnar sem stóð 1835-86 og hugsanlega einnig forvera hennar, sem byggð var 1788. Ef svo er þá er steinaröðin **A1** fótur undan torfvegg, bæði í suðurhlið og austurhlið, sem upphaflega hefur verið byggður 1778 og suðurhliðin svo notuð áfram í kirkjunni frá 1835. Undirstöðurnar **A2** og **A3** tilheyra þá endurbyggingunni 1835 eða jafnvel yngri viðgerðum á kirkjunni. Það kæmi heim við lýsingar á kirkjunum tveimur að **A1** væri fótur undir torfvegg fyrir austurgafli og suðurhlið í kirkjunni sem byggð var 1778, en að þegar kirkjan var endurbyggð 1835 hafi verið timburþil fyrir austurgafli og enginn torfveggur þar. **A2** er þá undirstaða fyrir það timburþil.

Byggingarstig **B** er samkvæmt þessari túlkun kirkjan sem stóð 1783 þegar Þorleifur Bjarnason prófastur var grafinn. Sú kirkja gæti hafa verið breiðari eða staðið heldur sunnar en þær yngri. Eldri leifar, **C** og **D**, eru sennilega mikið skemmdar af gröfum en ljóst er að séu þær af kirkjum þá hafa þær ekki staðið á alveg sama stað og yngstu kirkjurnar. **C** a.m.k. hefur staðið sýnu sunnar en ekki verður annað sagt um **D** en að séu torfleifarnar veggur þá hefur það hús annaðhvort staðið hálfri húsbreidd norðar eða sunnar en yngstu kirkjurnar.



Mynd 5. Skipurit eininga í uppgreftinum 2002.

4. Gripir

Skráðir fundir á svæðum XII og XIII voru alls 51 (RKH-2002-25: 42, 53-55, 100-146; sjá Fundaskrá). Nokkuð fannst af rúðubrotum, bæði glærum og með grænleitum blæ, en gluggar eru nefndir í öllum úttekktum kirkjunnar sem varðveist hafa. Í þeim er einnig talað um dyraumbúnað, en í einu af efstu fyllingarlögunum [2007] fannst brot úr löm (nr. 116).

Meðal auðkenndari gripa eru nokkur skreytt koparbrot sem hafa að öllum líkindum tilheyrð ljósahjálmi eða hjálmum og veggarmi eða örmum (nr. 42, 52, 55, 141, 143).



Brot úr ljósahjálmi og/eða veggarmi (RKH2002-25-52 og 55).

Þrjú fyrstnefndu brotin fundust þegar tekið var ofan af kirkjunni með gröfu og grafið niður í meinta gröf Þórðar Sigurðssonar, en þau tvö síðarnefndu í eða við lag [2018], sem talið er hafa tilheyrð síðustu kirkjunnar sem byggð var á þessum stað árið



Skrautdúfa af ljósahjálm? (RKH 2002-25-141)



Bókarspensl (RKH 2002-25-142)

1835. Þessi brot hafa ekki enn verið könnuð til hlítar, en svipaðir gripir eru til á Þjóðminjasafni, t.d. frá Skálholti, tímasettir til 17. aldar⁹.

Við gólfsteina 2030 sem gætu tilheyrt upphækkun sem virðist, samkvæmt ritheimildum, hafa átt sér stað 1808, fannst bókarspensl (nr. 135) – skreytt koparþynna með krækju í annan endann og leðurleifum í hinn.

⁹ Kristján Eldjárn og Hörður Ágústsson 1992. *Skálholt. Skrúði og áhöld*. Staðir og kirkjur I. Þjóðminjasafn Íslands og Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 240-252 og 108., öö109. og 110. mynd.

Í fyllingu grafar 3 [2005] fannst lítill blýkross (nr. 112) sem hefur að öllum líkindum verið festur á kistuna.



Þá fannst lítil rafperla (nr. 145) í veggjatorfi [2013] kirkjunnar sem byggð var 1835. Svipuð perla fannst m.a.við uppgröft í Skálholti¹⁰.

¹⁰ Kristján Eldjárn et al. 1988. *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Reykjavík. S215, bls. 57 & 77.

5. Niðurstöður – frekari rannsóknir

Af þessari skýrslu má sjá að þeir verkþættir sem áformað var að framkvæma á þessu ári eru nú annað hvort komnir í höfn eða langt á veg komnir. Sumarið 2003 stendur til að opna allt það svæði sem kirkjutóftin í Reykholti nær yfir og breikka tengiskurðinn (XIII) milli hennar og bæjarstæðisins (sjá yfirlitsupprátt). Grafið verður eftir jarðlögum í einum fleti eins og áður. Þannig ætti að fást heildarmynd af hverju byggingarskeiði fyrir sig. Stefnt er að því að komast langt með uppgröft kirkjutóftarinnar og næsta umhverfis á þeim tveimur mánuðum sem áformað er að uppgröfturinn standi. Samhliða uppgreftinum í Reykholti verður gerður könnunarskurður í kirkjugarðinum í Stafholti til þess að kanna ástand og eðli minjanna þar. Sú könnun mun byggjast á fjarkönnun sem gerð var í kirkjugarðinum sumarið 2002 (sjá viðauka 2).

6. Fundaskrá

fundar númer	eining	efni	lýsing
42	lausafundur	kopar	Sívalt, mótað brot, líklega úr ljósahjálm
52	lausafundur	kopar	Gagnskorið og skreytt brot, líklega úr ljósahjálm eða veggarmi
53	lausafundur	steinn	Sleggja, hálf
54	lausafundur	gler, leir	Rúðu-, krítarpípubrot o.fl
55	lausafundur	kopar	Gagnskorið og skreytt brot, líklega úr veggarmi
100	2000	gler	2 brot af skýjuðu, bognu gleri
101	2002	tau	Snúin léreftsræma
102	2002	járn, tré	2 járnaglar – annar með viðarleifum
103	2002	gler	Glært rúðuglerbrot
104	2002	gler	Grænt flöskuglerbrot – með loftbólum
105	2002	tré	Flatt harðviðarstykki
106	2002	járn	Hluti af skeifu
107	2002	járn, tré	Líkkistunagli með viðarleifum
108	2002	járn, tré	3 járnstykki, með viðarleifum
109	2002	járn	5 naglar (4 heilir, 1 haus)
110	2002	gler	Rúðuglerbrot (1 glært, 1 grænt)
111	2006	tré, járn	Hlutar af líkkistu, með nöglum
112	2006	blý	Skrautkross – af líkkistu
113	2007	leir	Lítið brot af gleruðum rauðleir
114	2007	bein	Mannabein?
115	2007	járn	Nagli
116	2007	járn	Brot af löm
117	2010	gler	12 rúðuglerbrot með grænni sliktu og loftbólum
118	2010	gler	Fjölmörg glær rúðuglerbrot
119	2010	gler	Fjölmörg brúnleit flöskuglerbrot. A.m.k. 3 flöskur
120	2010	járn	Flatt brot (hnífur?)
121	2010	járn	23 naglar

122	2010	textíll, málmur	Hnappur – léttur málmur klæddur taui.
123	2010	leir	Hvítleirsbrof – hvítur glerungur með blárrí og blágrænni rönd, belgbrot. Viðgert.
124	2010	leir	Hvítleirsbrof – hvítur glerungur, barmbrof
125	2010	steinn	Máður eða slípaður náttúrulegur grænn steinn með rispum
126	2010	bein	Mannabein? Brof af hauskúpu.
127	2010	ull, tré	ullarþófi snúinn í kringum spýtu
128	2010	járn, kopar	Járnnagli með skrauthaus úr bronsi
129	2012	járn	2 naglar
130	2012	járn	Aflangt járnstykki, brofið í tvennt
131	2012	gler	Grænleitt rúðuglerbrof með loftbólum
132	2030	gler	Brúnt flöskuglerbrof
133	2030	gler	2 glær rúðuglerbrof – annað með loftbólum.
134	2030	gler	2 grænleit rúðuglerbrof með loftbólum
135	2030	leður, kopar	Skreytt bronsspeldi með leðurleifum – bókarspensl?
136	2012	textíll	3 lítil stykki af fílti
137	2016	gull, járn	3 járnmolár ásamt örlitlum búf af gullvír sem saf í holu í einum molanna
138	2018	gler	2 brof af glæru flöskugleri, nærri heill botn
139	2018	gler	7 grænleit rúðuglerbrof með loftbólum
140	2018	járn	9 naglar og brof
141	2018	kopar	Fuglslíkan með skrúfgangi, vængirnir hafa verið sérstakt stykki sem vantar. Líklega af ljósa hjálmi
142	2018	tálgukol	Stór svört útskorin sörvistala
143	2018	kopar	Skrautlauf með merki um festingu á einni hlið. Líklega hluti af ljósa hjálmi eða veggarmi
144	2018	járn	Flatt, ferhyrnt stykki
145	2013	raf	Lítil rauð sörvistala
146	2013	gler	Lífið brof af lítillega íbjúgu glæru gleri

Viðauki 1.

Guðrún Harðardóttir:

Gerðir horfinna Reykholtskirkna

Inngangur

Skýrsla þessi er niðurstaða athugunar á ritheimildum um Reykholtskirkjur hinar fornu. Farið var í gegnum upplýsingar úr Íslensku fornbréfasafni, Alþingisbókum og vísitasíum biskupa og prófesta sem varðveittar eru í Þjóðskjalasafni. Byggt var á vinnu sem Hallgerður Pálsdóttir sagnfræðinemi vann sumarið 1998 er hún fann til flesta heimildastaði og skrifaði upp stóran hluta af úttektum kirkjunnar.

Elsta eignaskrá sem getur hugsanlega gefið einhverjar vísbendingar um kirkjugerðina er frá 1358 (DI III, 123) þar sem fjöldi altarisklæða er mikill. Bendir það til margra altara þó gera megí ráð fyrir að fleiri en eitt klæði hafi verið fyrir hvert þeirra. Frá árunum 1392 og 1394 eru til skrár um fjármuni Reykholtskirkju. Lítið er að hafa upp úr þeim í viðbót við þá frá 1358 nema hvað glergluggi er nefndur á nafn (DI III, 482, 503). Skróða kirkjunnar virðist hraka fram á 15. öld miðað við eignina um aldamótin 1400, bæði messu- og altarisklæðum fækkar. Ellefu manna messuklæði eru til árið 1358, níu manna árið 1392 og aðeins fjögurra árið 1503. Árið 1503 eru tiltekin tvenn altarisklæði á háaltari og ein á Maríuvaltari (DI VII, 666). Verðgildi er þá gefið upp á kirkjunni 5 hundruð („u c“) en einnig á einstök bæjarhús: skála, forstofu, önd, eldaskála, búr og skemmu, útihús, baðstofu og göng (DI VII, 667). Árið 1518 virðast aðeins vera tvö ölturu í kirkjunni, háaltari, með tvenn klæði og Maríuvaltari með ein klæði (DI VIII, 675). Árið 1537 er kirkjan metin á 10 hundruð („x. c.“) (DI X, 339). Gæti þetta háa verðgildi bent til þess að kirkjan hafi þá verið nýuppbyggð. Árið 1563 var kirkjan virt á 5 hundruð og 20 álnir („v^c og xx“) (DI XIV, 136). Árið 1569 var kirkjan virt fyrir sama verð („v.hundrut og xx.“) (DI XV, 269) og um 1570 voru aðeins þrenn messuklæði í kirkjunni og tvennur altarisumbúningur (DI XV, 624). Í Íslensku fornbréfasafni er ekki að finna frekari upplýsingar sem gefa á einhvern hátt vísbendingu um kirkjuhúsið sjálft. Engar upplýsingar sem að gagni

koma í þessu sambandi er að finna í Alþingisbókum frá þessum tíma. Það er svo um 100 ára tímabil milli miðrar 16. og miðrar 17. aldar sem umræddar ritheimildir ná ekki til.

Hið nákvæma eignaeftirlitskerfi sem komst hér á innan kirkjunnar eftir siðbreytingu birtist m.a. í úttektum kirkna. Varðveittar úttektir Reykholtskirkju ná þó ekki nema aftur til ársins 1664 en nákvæmni þeirra vex aftur á móti eftir því sem nær okkur dregur í tíma. Hér á eftir verður gerð grein fyrir gerð þeirra Reykholtskirkna sem sjáanlegar eru í vísitasíum klerkdómsins á árabílinu 1664-1884.

Kirkjan sem sést í vísitasum frá 1664 til 1702

Þessi kirkja sést fyrst í vísitasíu árið 1664, síðan 1671, 1675, 1684, 1689 en síðast árið 1702. Í elstu vísitasíunni kemur fram að kirkjan sé þá nýuppbyggð af staðarhaldaranum, prófastinum Halldóri Jónssyni. Af orðalaginu má ætla að kirkjan hafi verið byggð upp alveg frá grunni en ekki kemur fram hvort húsið hefur tekið einhverjum formbreytingum frá því sem það var áður eða hvort hér sé fyrst og fremst um gagngerar endurbætur að ræða. Í vísitasíunni sést að gömlu viðirnir hafi verið virtir á eitt hundrað, fimm aura og eina alin og mætti fyrirfram búast við að eitthvað af þeim hafi verið notað í endurbætta kirkju. Orðalag í vísitasíu 1684 mætti hins vegar túlka á þann veg að viðirnir hafi ekki verið notaðir í kirkjuna þar sem hún er þá sögð gerð af nýjum viðum.

Stærð: 9 stafgólf, kórinn og kirkjan.

Gólf: Fjalagólf er í kór (1702). Moldar/hellugólf gæti þá verið á framkirkjunni fyrst ekkert er þar tiltekið með gólfþiljur.

Veggir: Kirkjan virðist hafa haft torfveggi meðfram hliðum. Ekkert kemur sérstaklega fram um gafflhláð. Veggirnir virðast hafa verið endurbættir tvisvar sinnum eftir að þeir voru endurnýjaðir 1664, líklega í kringum 1671 og 1684.

Þak: Súðþak, tyrft. Endurnýjun fúinna borða í súðinni 1684.

Gaflpil: Þil er fyrir báðum göflum kirkjunnar. Framan af er ekki getið um hvers konar þilgerð en 1689 er bjórpil yfir altari nefnt og árið 1702 er frekari lýsing á framþilinu. Þá er þar standþil og bjórpil með skakkslám að innanverðu.

Gluggar: Stærð og staða þeirra er óskýr framán af. Ytri gluggar eru sagðir framhjá reikningi 1664. Árið 1689 er getið um að Jón Halldórsson í Skálholti hafi lagt til kirkjunnar vænan glugga á bjórpili yfir altari, lítið brákaðan.

Dyraumbúningur: Hurð á járnum og skrá. (Kemur eingöngu fram 1664.)

Innanþiljur meðfram langhliðum: Vandað þil er sagt hjá veggjum (1675). Fram kemur 1689 að viðgerðir á veggþiljum hafi farið fram 1674. Árið 1702 er kirkjan sögð alþiljuð nema hvað þiljur vantar í 3 stafgólf að norðanverðu, líklegast þau fremstu (ystu).

Altari: Altari með gráðu nefnt fyrst 1702, án frekari lýsingar.

Predikunarstóll: Nefndur fyrst 1702, án frekari lýsingar.

Kórþil: Hálfþil milli kórs og kirkju með pílárum að norðanverðu (1702). Dróttir yfir kórðyrum eru annað hvort endurbættar eða nýsmíðaðar við framkvæmdir 1674.

Sæti: Fram kemur 1689 að bekkur sé sunnanvert í framkirkju. Engir bekkir sagðir í kór (1702). Fóðraðir bekkir eru að sunnanverðu í framkirkju (1702). Sætaskipan norðanvert í kirkjunni kemur ekki fram.

Framkvæmdir:

1674: Kirkjan þiljuð að innan (50 borð notuð til þess) og bekkur settur í sunnanverða framkirkju. Einnig var viðurinn notaður til að gera eða endurbæta dróttir yfir kórðyrum.

1684: Fúnum borðum í súðinni að sunnanverðu skipt út fyrir ný. Það voru 17 ný súðborð sem sett voru inn ný.

Kirkjan sem sést í úttektum 1725 og 1732

Hér eru höfð skil þar sem líklegast hefur eitthvað verið átt við kirkjuna milli árána 1702, þegar hún er sögð gömul og tilgengin og þarfnist aðgjörðar, og 1725 þegar hún er sögð ennþá vel og sæmilega standandi. Í úttektinni 1732 kemur fram að gaflveggur sé á kirkjunni en slíkt var ekki hægt að lesa út úr upplýsingum um kirkjuna á undan. Skil eru svo höfð milli þessa byggingarstigs kirkjunnar og þess sem birtist í vísitasú árið 1740 því þá kemur fram að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á grindinni.

Stærð: Kirkjan og kórinn eru 9 stafgólf.

Gólf: Fjalagólf er í kórnum. Það er sagt mishátt en ekki er fulljóst hvað það merkir, hvort það er þá ójafnt eða hvort um er að ræða einhvers konar stalla. Einnig er fjalagólf í tveimur stafgólfum framan við kórduyr. Ekki kemur fram hvers konar gólf er í framkirkjunni að öðru leyti, hvort þar hefur verið moldargólf eða það hellulagt með einhverjum hætti.

Veggir: Torfveggir kirkjunnar eru á þrjá vegu, annars vegar meðfram hliðum og svo gaflhlað við austurgafli (kórgafli). Veggirnir eru sagðir vel standandi 1725. Suðurveggur er sagður nýr 1732, norðurveggurinn eldri en þó sæmilegur. Austurgafllveggur telst á sama tíma (1732) nokkuð moldrunninn og tekinn að láta á sjá.

Þak: Kirkjan er öll sögð undir súð. Líklega er um skarsúð að ræða þar sem í úttektinni 1732 er vísað til skemmda í 7 neðstu umförunum. Víst er að torfþekja var á kirkjunni þar sem hún var þakin á suðurhlið eins og greinir frá árið 1732.

Gaflþil: Framþilið er ólistað og gisið standþil upp að bita en þar upp af, uppi yfir skúrfjöl, er súðað bjórþil og vindskeiðar. Vísað er til gaflveggs, sem hlýtur þá að vera við kórgaflinn. Þar er standþil undir bita og bjórþil uppi yfir, hið síðarnefnda súðað að utan og vindskeiðar yfir.

Gluggar: Vel stór glergluggi var á kórgaflni (líklegast sá sami og var þar 1702). Sá gluggi er bæði árin sagður gallaður á þremur rúðum en ekki kemur fram hversu

margar rúðurnar eru allt í allt. Minni gluggi á frambili er nefndur bæði árin yfir kirkjudyrum. Báðir eru þessir gluggar sagðir með opnanlegum fögum 1732. („Hurð á hjörum“).

Dyraumbúningur: Góð lýsing kemur fram af honum 1732: Dyrastafir og umbúningur með þvertré, kröppum og skúrfjöl. Gisið standþil er þar ofan við. Hurðin sjálf er á járnum með skrá, járnöm, koparhring og lykli.

Innanþiljur meðfram langhliðum: Að innan er kirkjan þiljuð með langþiljum beggja vegna en vantar þó í 3 stafgólf norðanvert, fremst (yst).

Altari: Altari með gráðu fyrir framan, líklega gamalt en bærilegt skv. ummælum 1725.

Predikunarstóll: Sagður gamall en bærilegur.

Kórþil: Norðanvert (kvennamegin) er þilið með skammþiljum og pílárum en sunnanvert (fyrir sunnan predikunarstól) með tvennum skammþiljum.

Skammþiljurnar beggja vegna eru væntanlega festar í syllur. Dyrnar á kórþilinu eru gerðar af dyrastöfum og dróttum og lokast þær með tveimur vængjahurðum af chathris sem mun vera e.k. net- eða grindverk skv. Nucleus latinitatis (1738).

Sæti: Norðanvert eru 3 kvenstólar (þ.e. þverbekkir), m. bríkum og bakslám. Innsti stóllinn er þiljaður en hinir eru með pílárum.

Að sunnanverðu er fóðraður langbekkur meðfram hliðinni og krókbekkur í framhaldi af honum upp við frambilið. Hann endar með brík við kirkjudyr. Ekkert er getið um sæti í kór.

Kirkjan sem sést í úttektum árána 1740-1770

Sú breyting hefur orðið á frá síðustu kirkju er að hún hefur verið lækkuð undir bita en yfirgrindin aftur á móti hækkuð. Ekki kemur fram með hvaða hætti þetta er gert en það er prófasturinn og staðarhaldarinn Finnur Jónsson sem stendur fyrir framkvæmdum. Einnig er ljóst af vísitasíunni 1740 að skipt hefur verið um mikið af burðarvirki kirkjunnar en notast er við eldri þiljur. Af nöfnum þeirra máttarviða sem

nefndir eru má ætla að grindargerðin sé stafverk. Af þessum sökum er þetta byggingarstig haft aðgreint frá því sem var í upphafi 18. aldar þó margt sé annars með líku sniði og áður, t.d. gluggarnir. Um þessa kirkju og þær síðari eru mun betri heimildir en þær tvær fyrri. Munar þar mestu um að kirkjustóllinn skuli vera varðveittur frá árinu 1742 og því hægt að sjá og tímasetja margskonar endurbætur í gegnum reikninga kirkjunnar.

Stærð: 9 stafgólf.

Gólf: Fjalagólf er í kórnum og einnig á tveimur stafgólfum framan við kórdrýr, þar sem á er gengið, eins og það er orðað. Líklegast er þá ekki slíkt gólf milli kvensætanna. Í vísitasíunni 1740 kemur fram að kórgólfið sé nú ekki lengur misjafnt eins og var áður í kirkjunni og er þetta talið fara betur. Ekki virðast verða neinar frekari breytingar á fjalagólfi þessarar kirkju.

Veggir: Torfveggir eru á þrjár hliðar kirkjunnar, meðfram langhliðum og við austurgafli (kórgafli). Norðurveggur og þekjan sömu megin voru endurnýjuð 1749 og suðurveggur og þekjan endurnýjuð 1751. Kostnaður við gaffhlað aftur á móti bókfærður 1763 og hæð þess kemur svo fram í vísitasíu 1770: „Nu er komed gaffhlað midt a mille bita og under slár“

Þak: Kirkjan er öll undir súð og með torfþekju. Sperrur höfðu verið endurnýjaðar skv. vísitasíunni 1740. Þekjan endurnýjuð að norðanverðu 1749 og sunnanverðu 1750. Ennfremur eru bókfærður kostnaður við þak 1758 og viðgerðir sunnanvert á þaki árið 1765.

Gaflpil: Breiðir listar hafa verið settir framan við kirkjuna 1740 (þilið hafði verið gisið áður) og tvísettar vindskeiðar bak og fyrir.

Á kórgafla er einfalt standþil undir bita en tvöfalt ofan. Það var orðið viðgerðar þurfi ofan bita 1754 og lögð til notkun á 8 sex fiska borðum til verksins. Búið er að endurnýja þilið ofan bita 1770 og virðist ekki hafa orðið breyting á gerð þess.

Framþil kirkjunnar er einfalt slagþil neðan bita en ofan bita er skúrfjöl með súðþili þar upp af. Að innanverðu er hins vegar bjórþil. Tvöfaldar vindskeiðar eru bæði að framan og aftanverðu.

Gluggar: Vel stór glergluggi er yfir altari skv. óársettri úttekt fyrir 1742. Nýr glergluggi er bókfærður í reikningi 1745 og í vísitasíu 1751 er glerglugginn yfir altarinu sagður nýr og með 20 rúðum. Ekki er sjáanleg nein breyting þar eftir á meðan kirkjan stendur.

Glergluggi er á framþili (1754) en ekkert kemur fram um gerð hans.

Dyraumbúningur: Dyraumbúningur kirkjunnar er ýmist sagður venjulegur eða skikkanlegur en er ekki lýst frekar. Hurðin fyrir dyrunum er á járnum, með skrá, lykli og koparhring.

Innanþiljur meðfram langhliðum: Árið 1740 kemur fram að þiljum hafi verið bætt í eitt stafgólfanna norðan megin þar sem áður var þiljulaust og máttarviðir endurnýjaðir, þ.e. stafir, syllur og bitar. Tekið er fram að aðrar þiljur séu gamlar en líti þó vel út. Kirkjan er sögð alþiljuð innan (1751/1759) nema í tveimur fremstu (ystu) stafgólfunum norðanmegin. Árið 1754 kemur svo fram að þilgerð hliðveggjanna sé langþil.

Altari: Altarið er sagt gamalt, með gráðu fyrir framan en þó bærilegt framan af en nýtt altari er bókfært í reikningi 1763 og er lýst í vísitasíu 1770: „Altare nýtt innlæst med Oliu Farva ad framanverdu og 2r hillum innan i, samt gradu ad framan og sæte þar fyrer sunnan“.

Predikunarstóll: Predikunarstóllinn er sagður gamall en bærilegur, ennfremur kemur fram að hann sé málaður. Í vísitasíu ársins 1740 koma að auki eftirfarandi upplýsingar fram: „Tveimmeigenn vid prædikunnarstol hefur hann [staðarhaldarinn] láted setia lista“.

Kórþil: Hálfþil er milli kórs og framkirkju með pílárum norðan megin. Þildyrnar eru með dyrastöfum og dróttum.

Sæti: Sætaskipan þessarar kirkju tekur nokkrum breytingum í tímans rás.

Í kór virðast vera sæti ólíkt því sem var í fyrri kirkju. Árið 1754 eru tilgreindir nýir langbökkir með tveimur þverbökkjum í kór, gefið af biskupnum. Laus skriftastóll með sessu stendur þá hjá altarinu en ekki segir hvoru megin. Kostnaður við þverbekk með bríkum við altari er bókfærður 1765. Ekki kemur fram hvort um viðgerð eða viðbót er að ræða. Skv. vísitasíu 1770 hafa einhver sæti verið sunnanvert í kórnum en ekki er hægt að greina af orðalaginu við hvaða kórsæti er átt. Einnig er tilgreind skrúðakista í kórnum.

Í sunnanverðri framkirkjunni er hálfþóðraður langbökkur meðfram hliðinni og krókbökkur við framgafl, einnig hálfþóðraður.

Norðanvert í framkirkju, framan við kórþil, eru kvensæti. Kostnaður við fjögur slík er bókfærður 1750 og í vísitasíum 1751, 1754, 1759 eru taldir upp 7 kvenstólar með bríkum og bakslám. Einnig kölluð þversæti með bekk, brík og bakslá. Í reikningshaldi 1759 og vísitasíu 1760 kemur fram að endurnýjun eða breytingar hafi orðið á innsta kvenstólnum, þ.e. þeim sem næst er kórþilinu. Útskýring á því birtist árið 1770 þar sem fram kemur að hurð sé komin fyrir sætið og útskorin brík.

Loft: Þó því sé ekki sérstaklega lýst í vísitasíum kemur í ljós í hálfgerðu framhjáhlampi að loft sé yfir tveimur fremstu stafgólfum kirkjunnar. Þessar upplýsingar koma fram við virðingu á 9 fjöllum sem liggja á þessu lofti 1754.

Kirkjan sem sést í vísitasíum 1781-1833

Kirkjan er sögð nýuppbyggð í vísitasíu 1781 og kemur ósundurliðaður byggingarkostnaður fram í reikningi ársins 1778 og telst það því byggingarár hennar. Kirkja þessi tekur allnokkrum breytingum í tímans rás og mikið er um viðgerðir á henni. Meiri nákvæmni gætir nú í úttektum kirkjunnar og er þetta fyrsta kirkjan þar sem hlutfall kórs gagnvart framkirkju kemur fram sem og raunstærðir kirkjunnar. Greinilegt er að þilgerðin hefur breyst frá því sem var. Þær breytingar sem eru mest áberandi koma fram annars vegar á gluggum en hins vegar á sætaskipan. Tala má um gjörbreytingu á sætaskipan sunnanvert, frá því þar var einungis langbökkur meðfram hliðum yfir í að þar séu eingöngu þverbökkir. Áfram er talað um að sætin sunnanvert

séu karlamegin í kirkjunni og sætin norðanvert séu kvennamegin. Kirkjan er sögð hafa verið upphækkunar þörf um 1808.

Stærð: 9 stafgólf en í vísitásiunni 1833 kemur fram stærð kirkjunnar í álnum talið, þ.e. 17 álnir á lengd en 7 álnir á breidd. Þá, sem og 1807, er jafnframt tekið fram að kórinn sé 3 stafgólf. Miðað við þau álnamál sem vitað er að voru í notkun á þessum tíma eru tveir möguleikar á að umreikna stærð þessa yfir í metra. Ef gengið er út frá íslenskri/hamborgaralín (0,573 m) væri stærð kirkjunnar 9,7 x 4,0 m en 10,7 x 4,4 m ef miðað væri við danskar álnir (0,6277m). Næsta vísit má telja að hér sé um innanmál að ræða.

Gólf: Fjalagólf er í kórnum en einnig á tveimur stafgólfum framan við kórdr. Ýmist má túlka orð vísitásianna sem svo að það sé eingöngu milli sæta (1783, 1807, 1833) en hins vegar á þann veg að það sé á gangvegi og í innsta sætinu (1781) eða innstu sætunum (1827). Gólf í framkirkju er hækkað upp skv. reikningi 1808 og vísitásiú 1809. Slár eru settar undir kórgólfið 1823.

Veggir: Torfveggir kirkjunnar eru á þrjá vegu, meðfram langhliðum og svo við austurgafli (kórgafli). Þeir eru endurnýjaðir reglulega, jafnt suður- og norðurveggur sem og gafflhlaðið. Suðurveggur t.d. nýhlaðinn 1809.

Þak: Kirkjan er öll undir súð og með torfþaki.

Gaflpil: Að framanverðu er slagpil með tvöföldum vindskeiðum og vindhana (1781) (standpil til beggja stafna 1807). Skúrfjöl er yfir kirkjudyrum (1783, 1807). Einfalt standpil á framstafni er komið 1833.

Kórgaflinn er framan af með standpili upp í gegn en slagpili yfir bita. Með tvöföldum vindskeiðum og vindhana (1781). 1827 er talað um að kirkjan sé þiljuð að kórgaflhlaði og 1833 að hún sé með standpili ofan fyrir glugga að kórbaki og listuðu þili þar að innanverðu niður í gegn. Aðgerðir á þiljum koma fram í reikningum um 1802.

Áfram eru árið 1833 tvöfaldar vindskeiðar á báðum stöfnum og tilgreindir listar upp á þak beggja vegna.

Gluggar: Tveir fjögurra rúðu gluggar eru á kórgefli, sitt hvoru megin altaris. Einn lítill gluggi er á frambili (líklega á bjórþili) fram til 1827 en þá eru þar komnir tveir fjögurra rúðu gluggar eins og á kórgeflinum. Fjögurra rúðu gluggi er yfir predikunarstól frá því um 1790 að því er fram kemur í reikningum og virðist hann þurfa sérstaklega mikils viðhalds við.

Dyraumbúningur: Lýsing á dyraumbúningnum sjálfum kemur ekki fram nema hvað vísað er í að dyrnar séu með öllum sínum umbúningi. Betri lýsing kemur fram á hurðinni sjálfri. Það er listuð hurð á hjörum með skrá og lykli. Tekið er fram að í járnfesti hangi lítill, gömul koparbjalla við skrána eða lykilinn (það kemur ekki skýrt fram). Á hurðinni er einnig stór (1833) koparhringur á málmskildi/plötu (skinnnum 1783). Í reikningi ársins 1794 kemur fram að skipt hafi verið um skrá í kirkjuhurðinni en engar breytingar virðast hafa orðið að öðru leyti.

Innanþiljur meðfram langhliðum: Slegið standþil er til beggja hliða. Ekki greinir frekar frá því framan af nema hvað 1833 kemur fram að kirkjan sé þiljuð niður á bekki. Það hefur því hugsanlega vantað þiljur undir bekkjum.

Altari: Vætanlega er hér um að ræða sama altari og var í kirkjunni á undan. Þetta er skápaltari með hurð á hjörum, skrá og lykli. Það er með gráðu fyrir með píláraverki (1827) og rám fyrir og til hliðanna. Árið 1783 kemur fram að altarið sé grænmálað með olíulit og það sé með þremur „stúkum“ að innan þar sem geyma má skrudann.

Predikunarstóll: Predikunarstóllinn er eflaust, eins og altarið, úr fyrri kirkju. Hann er sagður málaður utan og innan (með fornu málverki 1783) en er þó sagður vel sæmilegur 1827.

Kórþil: Að norðanverðu er hálfþil og 5 pílárar undir bita en að sunnanverðu er standþil undir bita og er predikunarstóllinn þar í. Kórduyrnar eru með „sínnum umbúningi“ án þess honum sé lýst nánar, útskornum og máluðum og útskornum dróttum (1781/1827) en í sumum úttektum (1783, 1833) er talað um að dróttinnar séu með bíldhöggvaraverki (sagt lítilfjörlegt og laust, utan og innan 1783) og máluðum

spjöldum/málverkum sem eru sjö talsins og sögð hollensk árið 1783 en þau teljast aðeins fjögur árið 1833.

Sæti: Töluverðar breytingar verða á sætaskipan kirkjunnar í tímans rás, sérstaklega eftir aldamótin 1800. Í reikningum kirkjunnar kemur fram að viðbætur og viðgerðir á sætum og bekkjum eru alltiðar. Þar fæst því heldur nákvæmari tímasetning á viðbætur en sést í vísitásiunum.

Í kórnum eru hálfþóðraðir bekkir með bríkum við kórduyr (1781/1827; fóðraðir langbekkir 1783, fóðraðir langbekkir beggja vegna í kórnum 1807). Þá er þar afmarkað sæti með bríkum sunnanmegin við altarið (1781; kallað skriftasæti árið 1783 með grænum bríkum og fornri sessu fóðraðri með klæði). Árið 1827 eru að auki komnir að því er virðist tveir lausabekkir í kórin, með þriggja manna sætum hvor. Ennfremur er þá nefnt afmarkað sæti við bríkina norðanmegin altaris 1827. Sætaskipan í kór er svo nokkuð nákvæmlega lýst 1833: „långbekkir eru beggja megin í kórnum hálfþóðraðir, eins að kórduyrum beggja megin; en bekkjafjalir frá altari út til hliða, og útskorin skriftastóll nordanmegin altaris.“

Sunnanvert í framkirkju er (hálf)fóðraður langbekkur meðfram veggjum sömu ár með brík við dyr (ekki kemur fram hvaða dyr). Árið 1807 hefur orðið töluverð breyting á sætaskipan í sunnanverðri framkirkju. Þá eru þar komin 3 kvensæti með bríkum og bakslám ásamt 9 karlmannapverbekkjum. (Skv. reikningum 1791-92 var þá bætt við tveimur sætum sunnanmegin.) Langbekkurinn meðfram veggnum virðist horfinn. Vandaður kvenbekkur er sagður innstur. (Kostnaður við nýjan stól sunnanmegin bókfærður 1824.) Árið 1827 eru að sunnaverðu 6 sæti með bekkjum, bríkum og bakslám og auk þess 7 þverbekkir í viðbót, sá fremsti þeirra (þ.e. ysti/aftasti) með brík við kirkjudyr. Árið 1833 eru talin 12 sæti sunnanvert í framkirkjunni, þar af 5 með bríkum og bakslám.

Norðanvert í framkirkju eru (1781 og 1783) 8 þversæti, með bekkjum, bríkum og bakslám. Innsta sætið er með útskorinni bakslá, fóðrað að baki með pílárur og hurð fyrir. Þar er einnig forsæti og brík fyrir. Tvö þversæti eru í viðbót yst, án bríka. Sætaskipan norðanvert virðist halda sér 1807 nema hvað aðeins virðist þá vera eitt auka þversæti yst. (Kostnaður við tvo viðbótarstóla fremst (yst) að norðanverðu bókfærður 1814.) Árið 1827 eru 9 stólar með bríkum og bakslám og 2 án slíkra, 11 alls. Sá fremsti og innsti eru (óskýrt í handriti). Fram kemur að þessir stólar

séu greyptir í stokka. Árið 1833 er áfram veglegt sæti innst en þá vantar hurðina fyrir því, þá 8 kvensæti með bekkjum og bakslám og 1 sæti að auki við þil (væntanlega framþilið) með brík.

Kirkjan sem sést í vísitasíum 1836-1884

Ný kirkja var reist í Reykholti árið 1835 og er sundurliðaður byggingarreikningur hennar varðveittur. Þetta er torfkirkja með timburþaki. Hún er sögð gerð af nýjum viðum nema hvað gólf og gólfslár í framkirkju munu vera úr eldri viðum kirkjunnar. Lofti er bætt við fremst í kirkjuna um 1850 en skömmu áður höfðu klukkur verið færðar innan úr kirkju út í nýbyggt klukknaport í sáluhliði.

Stærð: Kirkjan er áfram 9 stafgólf og sögð nálega 17 álnir á lengd og $6\frac{3}{4}$ álnir á breidd innan þilja. Þetta gefur möguleikana á að kirkjan sé annars vegar 9,7 x 3,9 m ef miðað er við ísl/hamb. álnir (0,573 m.) eða 10,7 x 4,2 m ef miðað er við danskar álnir (0,6277m). Ekki er heldur hægt að útiloka að hér séu danskar álnir í umferð en hafi verið íslenskar/hamborgar í kirkjunni á undan.

Gólf: Fjalagólf er í allri kirkjunni (1836 og 1862).

Veggir: Torfveggir eru meðfram langhliðum.

Þak: Tvöfalt timburþak er á kirkjunni með þakrennum til beggja hliða. Árið 1836 var það enn einfalt en fyrirhugað að leggja ytra þakið síðar. Þetta var komið a.m.k. 1862. Ekki kemur fram að torf sé nokkurn tíma á þakinu.

Gaflþil: Tvöfalt þil er upp úr og niður úr á kórþafli en á framþafli er þilið tvöfalt undir bita en einfalt ofan 1836 en orðið tvöfalt þar líka 1862. Þetta var gert þegar loftið var sett í kirkjuna um 1850. Árið 1862 kemur fram að vindhani með messingsspjaldi og ártalinu 1855 sé á dyragafli. Vindhaninn kemur til reiknings bókhaldsárið 1854-55.

Gluggar: Á kórþafli eru alls þrjú gluggar, allir með sex rúðum. Einn er hvoru megin altaris og svo einn á bjórnum. Einn þeirra (ekki tilgreint hver) er árið 1836 sagður með járnum og hornböndum. Hlerar eru sagðir fyrir kórþuggunum 1862.

Á frambílinu eru tveir fjögurra rúðu gluggar 1836 og hefur einn bæst við 1862 á bjórinn og kemur þá fram að hinir tveir séu sinn hvoru megin dyra. Auk þess var þá kominn fjögurra rúðu gluggi yfir predikunarstól. Árið 1862 er tekið fram að gluggar á frambílinu séu málaðir ljósbláir, eins og dyraumbúningurinn.

Dyraumbúningur: Fyrir kirkjunni er máluð hurð með útskurði (snikkaraverki). Hún er með lömum á stöplum(1836)/sterkum járnum (1862), skrá, nýjum lykli og koparhring eins og var í fyrri kirkju. Árið 1862 er tekið fram að skráin sé tvílæst og enn fremur að dyraumbúningurinn sé ljósblár að lit, eins og gluggarnir á dyragaflinum.

Innanþiljur meðfram langhliðum: Árið 1836 er kirkjan sögð alþiljuð til hliðanna ofan bekkja en 1862 er þiljunin sögð ná niður fyrir þá og jafnframt tilgreint er að þetta sé póstaþil.

Altari: Altarið sagt nýgert 1836 og fyrir því gráða með renndu pílárum (uppstöndurum). Árið 1862 kemur fram frekari lýsing á því. Það er þá með tveimur hurðum og slám, málað með ljósbláum lit en pílárarnir og sláin í gráðunni græn og blá.

Predikunarstóll: Hann var smíðaður 1835 og kemur fram í byggingarreikningnum að hann hafi verið á fæti. Stóllinn stendur í skilrúminu milli kórs og framkirkju og er málaður í ljósbláum, grænum og rauðum lit.

Kórþil: Hálfþil er milli kórs og kirkju 1836 og 1862 er talað um það sem vanalegt skilrúm þar sem predikunarstóllinn standi. Hvorugt árið kemur fram frekari lýsing.

Sæti: Í kór eru hálffóðraðir bekkir meðfram veggjum frá altari til kórдыra og eru bríkur bæði við altari og kórдыr Auk þeirra eru tveir lausir bekkir í kórnum (1836 og 1862).

Í framkirkjunni eru sömu ár að sunnanverðu 9 [þver]sæti með bríkum og bakslám auk eins sætis við framþil, einnig með brík. Einnig er lítill bekkur undir predikunarstólnum. Að norðanverðu eru 11 sæti með sama umbúningi og hin. Að auki

eru svo eitt með brík við hálfpilið milli kórs og kirkju 1836 en ekki er á það minnst 1862.

Loft: Yfir fjórum fremstu (ystu) stafgólfum kirkjunnar er loft, stúkað af með slá og pílárum. Það var sett í kirkjuna um 1850 og við það sama tækifæri var þilið uppi á framgaflinum tvöfaldað og settur þar gluggi.

Klukknaport var reist í sáluhliði 1848 skv. skipan biskups. Klukkur þá færðar þangað en höfðu áður hangið innan kirkju.

Að lokum

Af þeim kirkjum sem staðið hafa á gamla kirkjustæðinu í Reykholtskirkjugarði er byggingarár tveggja þeirra yngstu þekkt með fullri vissu. Þetta eru kirkjurnar sem byggðar eru annars vegar árið 1778 og hins vegar árið 1835. Öðru máli gegnir um kirkjurnar árabilsins frá 1664-1778. Byggingar- eða endurbyggingarár þeirra eru meira á reiki og var hér gerð tilraun til að aðgreina hugsanleg byggingarstig þeirra.

Þegar á hinar horfnu Reykholtskirkjur sem vitneskja er um í ritheimildum er litið er augljós sá samnefnari þeirra að þær eru allar sagðar 9 stafgólf að lengd. Það virðist hafa verið e.k. fasti í verðgildi þeirra. Lengdareiningin stafgólf, þ.e. bil milli tveggja stafa í húsgrind, er að vísu ekki föst stærðareining en er þó ávallt notuð til viðmiðunar í úttektum. Tvær þær síðustu hafa auk þess varðveitt álnamál sem gefa þá upplýsingar um umfang þeirra 9 stafgólfa sem þá stóðu. Ætla mætti að grindargerðin væri einhver útgáfa stafverks lengst af en nokkurrar fjölbreytni gætir í þiljun kirknanna.

Óvíst er hversu mikil ummerki um ofangreindar kirkjur verða sjáanleg við fornleifauppgröft í gamla kirkjugrunnsstæðinu. Hér skal að sjálfsögðu ekkert fullyrt um kirkjur þær sem staðið hafa fyrir 1664. Allt bendir til að kirkjurnar eftir þann tíma hafi ítrekað verið reistar á sama grunninum. Við hverja endurbyggingu er þá viðbúið að ummerki um þá eldri raskist. Næsta víst er að leifar yngstu kirkjunnar verði skýrastar. Ennfremur skilin milli hennar, sem var öll með fjalagólfi, og þeirra eldri sem aðeins höfðu fjalagólf að hluta. Búast mætti við að greinanleg verði skil milli þeirra hluta kirkjunnar sem voru með fjalagólfi annars vegar og moldar/hellugólfi hins vegar. Einnig má búast við að kynslóðir torfveggja kirkjunnar verði greinanlegir að einhverju marki sem og einhverjar timburleifar úr grind, klæðningu eða gólfslám. Það

fer þó allt eftir því hversu mikið var hreinsað úr grunninum við hverja endurbyggingu. Einnig er spurning hvort ummerki eftir þverbekki á svæðum þar sem ekki var fjalagólf munu sjást. Svör við þessum vangaveltum munu fást innan skamms og verður afar fróðlegt að gera samanburð á því sem jörðin leiðir í ljós og ofangreindum upplýsingum um horfnar Reykholtskirkjur.

Viðauki 2.

T.J. Horsley:¹¹

Geophysical surveys at Stafholt, Borgarfjörður, 8-9th July 2002. Preliminary Results

Introduction

Geophysical surveys were carried out at Stafholt in July 2002 as part of a broader assessment of archaeological prospection techniques in Iceland. Previous research at other sites in 1999 and 2001 has demonstrated the effectiveness of magnetometer and earth resistance techniques for such prospection in Iceland (Horsley & Dockrill, *forthcoming*; Horsley, 1999), and the aim of this current work is to better understand the reasons for the results obtained.

Geophysical prospection techniques can be employed to locate and identify buried archaeological remains by detecting a contrast between archaeological features and the natural surroundings. This is achieved by taking measurements of a particular physical property at regular intervals above the ground, thereby building up a horizontal plan of the variation in this property. If anomalies are detected it is then necessary to interpret the causes of these, often with the aid of dedicated computer processing packages to enhance the images produced.

For this current research a number of sites are being targeted for geophysical survey, in order to assess the potential of these methods for different archaeological feature types in a variety of geological and geomorphological situations.

At Stafholt surveys were undertaken within the graveyard located northwest of the modern church. It is understood that the earlier phases of churches at this site were sited in this graveyard, before being moved to its present position up the slope.

¹¹ Department of Archaeological Sciences, University of Bradford. UK.

Methodology

A grid of four 20m squares was established within the older, southern portion of the graveyard at Stafholt. Each square was then surveyed using a Geoscan RM15 earth resistance meter and a Geoscan FM36 fluxgate gradiometer. Recordings of resistance were made at 0.5m intervals along traverses 0.5m apart, employing the twin probe configuration with a 0.5m mobile probe separation. For the gradiometer survey readings were taken at 0.25m intervals along traverses 0.5m apart.

Both instruments incorporate built-in data loggers, and after the survey the digital measurements are downloaded onto a laptop computer for data processing using the *Geoplot 3.00* software.

Results

As stated in the introduction, these surveys at Stafholt form part of an assessment of archaeological geophysics in Iceland and therefore require direct feedback from excavation to accurately reveal the causes of the anomalies detected. However, based on results to date it is possible to make some statements about the data.

Of the two techniques, the earth resistance method has provided the clearest results at Stafholt. The presence of many modern graves, most of them containing iron, confuses the magnetometer data, and subsequently only the results of the earth resistance survey are presented here.

Figure 1 presents a plot of the earth resistance data after interpolation. Readings of high resistance are shown as white, grading down to low resistance as black. A summary of the significant anomalies is given in Figure 2.




Figure 1. Interpolated earth resistance data.




Figure 2. Summary of significant anomalies discussed in the text.

Immediately obvious in the centre of the survey area is a fairly regular anomaly of high resistance, approximately 12m x 5m, and oriented W-E. Such an anomaly is consistent with being caused by the buried remains of structural foundations, and since it is situated exactly where the older churches would be expected then this must represent the surviving remains of these buildings. The form of this anomaly is a little irregular and may indicate that at least the shallowest deposits (c.30-40cm deep) are quite mixed, probably as a result of the demolition of the last structure on this site. In addition, it can be seen that a modern grave has unfortunately been sited right in the middle of the church anomaly. The low concrete wall of this grave would have required a narrow trench to be dug, and this is the cause of the clear low resistance anomaly detected in the centre of the survey area. This will undoubtedly have damaged the archaeology, although only excavation can reveal to what extent the damage has been done.

It appears from the results that the eastern end of the structure is missing. This could simply indicate that demolition was more extensive here, or it might be due to a difference in the nature of the foundations, e.g. that less stone was used to construct the eastern wall than used in the longer northern and southern walls.

Various other anomalies have been detected throughout the survey area, the causes of which are unclear at present. For example, the northwestern quadrant of the survey area is noticeably more “noisy” than the rest. The increased abundance of thufur in this area may account for this, however it was also noted during the course of the survey that there are also many old gravestones in this same area. Further work, including excavation, is necessary to determine the cause of this.

Conclusions

In addition to providing new data for this research into prospection techniques in Iceland, the small-scale geophysical surveys undertaken at Stafholt in 2002 have presented new information of archaeological value. A rectangular anomaly, approximately 12m by 5m, has been detected in the centre of the old graveyard and must be due to the buried remains of one, or possibly more, churches that have occupied this position. Demolition of the last phase of church, along with the more

recent placing of a grave right over the remains, appear to have disturbed the buried archaeology, although it is not clear from the data to what extent.

While geophysical surveys can reveal the presence of buried archaeological features and interpretations can be made based on their form, location, etc., ultimately only excavation can demonstrate the exact nature and age of the remains. At Stafholt excavation is necessary to determine how many phases of church have existed on this site and for how long, and also to demonstrate the cause of the apparently different area to the northwest of the church.

Acknowledgements

This work is being undertaken by T.J. Horsley as part of a NERC funded Doctoral Research Programme with the Department of Archaeological Sciences, University of Bradford, UK, in collaboration with Fornleifastofnun Íslands and NABO. The author would like to thank Dr. Roger Walker for loaning the *Geoplot* data processing package for the duration of this research.

The surveys at Stafholt were made possible through collaboration with Þjóðminjasfns Íslands, and thanks are given to Guðrún Sveinbjarnardóttir for her help and enthusiasm.

References

- Horsley, T.J. and Dockrill, S.J. (2002). A preliminary assessment of the use of routine archaeological prospection techniques for the location, interpretation and characterisation of buried remains in Iceland. *Archaeologia Islandica* 2, 10-33.
- Horsley, T.J. (1999). *A preliminary assessment of the use of routine archaeological prospection techniques for the location, interpretation and characterisation of buried remains in Iceland*. Unpublished MSc Dissertation thesis. University of Bradford.

Viðauki 3.

Hildur Gestsdóttir:

Rannsókn á mannabeinum úr kirkjugarðinum í Reykholti, Borgarfirði (RKH02).

Inngangur

Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðum rannsóknar á mannabeinum sem grafin voru upp við uppgröft í Reykholti, Borgarfirði sumarið 2002. Einungis ein gröf var grafin upp og sú innihélt einn einstakling.

Aðferðafræði

Kyn var að mestu leyti ákvarðað af kyngreinandi einkennum á hausnúpu, en einnig á þeim hluta mjaðmagrindarinnar sem varðveittist (sjá td. Schwartz, 1995 and Buikstra & Ubelaker, 1994) og á mælingum á ýmsum liðflötum borið saman við staðla frá Bass (1995) og Brothwell (1981).

Greining á lífaldri var aðallega byggð á eyðingu tannglerungs (Miles, 1963), en einnig að nokkru leyti á sameiningu hausnúpusauma (sjá Buikstra & Ubelaker, 1994).

Varðveisla á hægri lærlegg og hægri upparmslegg var nógu góð til þess að hægt var að mæla þá til að reikna líkamshæð, borið saman við staðla frá Steele & McKern (1969).

Að auki voru varðveisla beinanna og allar meinafræðilegar breytingar skráðar.

Niðurstöður

Varðveisla: Þó að bein af flestum líkamshlutum hefðu varðveist, þá voru þau flest brotin, og barkarbeinið var illa farið. Einnig höfðu öll bein litast af jarðveginum. (35-50%)

Kyn: Hauskúpa, mjaðmagrind og þykkt liðflata benti til þess að einstaklingurinn hafi verið **karlkyns**.

Lífaldur: Eyðing á tannsteini borið saman við sameining hauskúpusauma bentu til þess að einstaklingurinn hafi verið **eldri en 45 ára** er hann lést. Erfit er að greina lífaldur nákvæmnar en það, þegar komið er yfir þann aldur.

Líkamshæð: Mælingar á lærlegg og upparmslegg bentu til þess að líkamshæð hafi verið **166,2±3,3cm**.

Meinafræðilegar breytingar: Báðir augnatóftarhlutar eru holóttir, svokallað *cribra orbitalia*, sem bendir trúlega til að einstaklingurinn hafi liðið járnskort sem barn (Roberts & Manchester, 1995). Einnig eru merki um alvarlega sýkingu í tannbeini, vinstra megin í efri gómi, ofan við annan forjaxlinn og fyrsta jaxlinn. Ígerðin er um 11x16mm og liggur upp í kinnkjálkaholuna. Greinilegt er að þessi sýking hefur staðið yfir í langann tíma, og hefur jaxlinn dottið úr, og forjaxlinn skekkst mikið.

Með beinunum fannst einnig það sem er líklegast gall- eða nýrnasteinn sem hefur kalkast. Steinninn er brotinn í fjóra parta, en hefur verið um 29mm í þvermál. Gallsteinar myndast þegar samsetning gallis er afbrigðilegt, vegna sýkingar eða vegna stíflu í gallblöðru. Nýrnasteinar geta einnig myndast vegna sýkingar, eða vegna eiturefna í þvagi, td. áfengis. Myndun nýrnasteina getur verið ættgengt (Youngson, 1992).

Heimildaskrá

- Bass, W.M. 1995. *Human Osteology*. (Special Publication No.2 of the Missouri Archaeological Society).
- Brothwell, D.R. 1981. *Digging up Bones*. (Oxford University Press; Oxford).
- Buikstra, J.E. & Ubelaker D.H. 1994. *Standards for Data Collection from Human Skeletal Remains*. (Arkansas Archaeological Survey Research Series No.44).
- Miles, A.E.W. 1963. The Dentition in the Assessment of Individual Age in Skeletal Material, pp 191-209. Brothwell, D. (ed). *Dental Anthropology*. (Pergamon Press: Oxford).

- Roberts, C & Manchester, K. 1995. *The Archaeology of Disease*. (Alan Sutton Publishing Ltd: Ithica, New York).
- Schwartz, J.H. 1995. *Skeleton Keys*. (Oxford University Press: Oxford).
- Steele, D.G. & McKern, T.W. 1969. A Method for Assessment of Maximum Bone length and Living Stature from Fragmentary Long Bones. *American Journal of Physical Anthropology* Vol.31: 215-228.
- Youngson, R.M. 1992. *Dictionary of Medicine*. (HarperCollins Publishers: Glasgow).